

Fjarðabyggð, 20. janúar 2021.

## Umsögn um frumvarp til kosningalaga, 339. mál.

Almennt séð lýsir yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar ánægju sinni með frumvarpið. Í því er að finna ýmsar endurbætur frá núgildandi lögum og ljóst að mikil vinna og metnaður liggur að baki. Af jákvæðum endurbótum sem felast í frumvarpinu má t.d. nefna það að vald- og verksvið yfirkjörstjórna sveitarfélaganna er betur skýrt en í gildandi lögum.

Yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar hefur talsverðar efasemdir um rafræna kjörskrá, póstkosningu og stimplun kjörseðla, en gefum okkur að þau atriði fái mikla umfjöllun í meðförum þingsins og látum því vera að fara lengra út í þá sálma. Í umsögn þessari verður mest áhersla lögð á atriði sem tengjast störfum kjörstjórna sveitarfélaganna.

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**Um 1. gr.:** Í frumvarpinu er talað um markmiðið „*að viðhalda trausti á framkvæmd kosninga*“. Réttmætt traust er afleiðing öruggrar framkvæmdar. Því er lagt til að skilgreint markmið laganna verði að framkvæmdin sé örugg (m.ö.o. trausts verð) fremur en að hún njóti trausts eða haldi áfram að njóta trausts. Ákvæðið gæti þá orðið eitthvað á þessa leið: „*Markmið laga þessara er að styrkja lýðræðið með því að framkvæmd kosninga sé örugg og tryggja að ...*“

**Um 4. gr. 3 mgr.:** Hér segir að umsóknir íslenskra námsmannafjölskyldna erlendis um kosningarétt til sveitarstjórna þurfi að koma fram 30 dögum fyrir kjördag. Fyrirséð er að þessi tímamörk munu valda vandræðum og leiða til þess að einhverjir kjósendur séu í raun sviptir kosningarétti. Lagt er til að unnt verði að koma þessum aðilum inn á kjörskrá fram á kjördag.

**Um 6. gr.:** Orðalag 1. mgr. ber með sér að þar sé með tæmandi hætti og án fyrirvara talið upp hverjir séu kjörgengir til Alþingis. 2. mgr. er sambærileg hvað varðar sveitarstjórnarkosningar. Síðan kemur viðbótarskilyrði í 3. mgr. Þetta mætti lagfæra t.d. svona:

*Kjörgengur til Alþingis er hver sá sem á kosningarétt skv. 3. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir til Alþingis.*

*Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarétt í sveitarfélagi skv. 4. gr. og hefur óflekkað mannorð.*

*Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur...*

**Um 16. gr.:** Hér segir í 2. mgr. að kjósa skuli undirkjörstjórnir „í aðdraganda kosninga“. Ekki kemur fram hvert kjörtímabil undirkjörstjórna skuli vera. Það verklag er þekkt að kjósa undirkjörstjórnir í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar og að þær sitji út allt kjörtímabilið. Með frumvarpinu virðist vera girt fyrir slíkt verklag.

**Um 22. gr.:** Hér og víðar (t.d. í 53. gr., 64. gr. og 98. gr.) í frumvarpinu er talað um „yfirkjörstjórnir sveitarfélaga“. Í samræmi við að yfirkjörstjórnir kjördæmanna séu lagðar niður þá er lagt til að orðinu „sveitarfélaga“ verði sleppt og einfaldlega talað um „yfirkjörstjórnir“.

**Um 33. gr.:** Hér er kærufrestur miðaður við sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar. Spurning er hvort fresturinn er ekki óþarflega stuttur og einnig hvort ekki ætti að miða hann við birtingu ákvörðunar.

**Um 46. gr. 1. mgr. d-lið:** Hér er vísað til 2. mgr. 37. gr. en virðist eiga að vera 3. mgr. 37. gr.

**Um 53. gr. 5. mgr.:** Jákvætt er að hér sé lögfest heimild umboðsmanna til að tilnefna aðstoðarmenn. Hins vegar er gert að skilyrði að tilnefningin berist fyrir kjördag. Lagt er til að þessi orð „fyrir kjördag“ verði tekin út og heimildin látin gilda líka á kjördaginn sjálfan.

**Um 69. gr.:** Hér segir í 2. tl. 2. mgr. : „Í húsnæði á vegum sveitarfélags, enda skal sýslumaður að ósk sveitarstjórnar skipa kjörstjóra ...“. Lagt er til að í stað orðsins „skal“ komi orðið „má“. Í upphafi ákvæðisins kemur fram að sýslumenn séu kjörstjórar og skipi aðra kjörstjóra til að gegna slíku starfi í sínu umboði. Eðlilegt er að hér fari saman vald og ábyrgð. Er því lagt til að sýslumaður sé ekki bundinn af óskum sveitarstjórna um hverjir séu kjörstjórar.

**Um 73. gr. 2. mgr.:** Hér er vísað til 2. og 3. mgr. 83. gr., sú tilvísun hlýtur að vera misritun því sú lagagrein er aðeins ein málsgrein og fjallar um allt önnur atriði.

Hér er fjallað um að kjósandi geti gert breytingar á lista og sagt „en þarf þá að rita nafn frambjóðanda áður en hann getur þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum...“. Þetta orðalag er óskýrt og villandi og gæti leitt til þess að kjósanda takist ekki að koma vilja sínum til skila. Hvað er átt við með að fyrst eigi að rita nafn frambjóðanda og síðan geta um röð? Lagt er til að þessu verði breytt þannig að lögin taki fram að kjósandi megi breyta röð nafna eða strika út nöfn en látið vera að skilgreina hvernig það skuli útskýrt á kjörseðlinum.

**Um 80 gr.:** Hér segir að kjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist á tilteknum tíma. Lagt er til að þessu verði breytt í yfirkjörstjórn.

**Um 84. gr. 2. mgr.:** Hér er sagt að „*oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjórnarmanna*“ skulu færa inn í kjörskrá. Er það sama orðalag og í nógildandi lögum. Lagt er til að þessu verði breytt í „*tveir kjörstjórnarmanna*“. Oddvitinn er jafnan sá kjörstjórnarmanna sem mest mæðir á og og því ekki eðlilegt að binda hendur kjörstjórnar varðandi verkaskiptingu.

**Um 85.-6. gr.:** Í 81. gr. nógildandi laga um kosningar til Alþingis er því lýst að kjósandi skuli eftir að hann tekur við kjörseðlinum, fara með hann inn í kjörklefann og síðan er því lýst hvernig hann skuli þar ganga frá atkvæði sínu. Lagt er til að þessi ákvæði verði tekin upp í nýju lögum. Ekki verður séð í frumvarpinu að þar segi berum orðum að kjósandi skuli fara í kjörklefa og fylla kjörseðilinn út þar. Nema hvað þetta er sérstaklega tekið fram í 3. mgr. 86. gr. hvað varðar óbundnar kosningar.

**Um 92. gr. og slit kjörfundar:** Lagt er til að heimilt sé að slíta kjörfundi eftir fimm klukkustundir án frekari skilyrða. Hér í Fjarðabyggð er fámenn og afskekkt kjördeild, Mjóifjörður. Öldungis ljóst er að fimm klukkustunda opnun kjörstaðar er þar nægileg og einnig er stundum mikilvægt m.t.t. samgangna og flutnings kjörgagna að hafa stutta opnun. Reynslan hér undanfarin ár hefur verið sú að mjög erfiðlega hefur gengið að fá samþykki allra umboðsmanna fyrir lokun.

Annað atriði varðandi þetta er hvort að á að vera hægt að slíta kjörfundi á grundvelli þess að enginn hafi kosið í hálf tíma og kjörstjórn og umboðsmenn vilji slíta. Hér þarf að gæta réttar kjósandans, hann á að geta vitað fyrirfram hve lengi kjörstaður er opinn. Sama gildir um heimildina til að loka kjörstað þegar allir á kjörskrá hafa kosið. Í ljósi þess að kjósandi getur kosið víðar en í þeirri kjördeild þar sem hann er sjálfur á kjörskrá og slíkt er nokkuð algengt í framkvæmdinni, þá er mögulegt að upp komi sú staða að slíkur kjósandi treysti á viðkomandi kjörstað og nái ekki að kjósa vegna lokunar á þessum forsendum. Lagt er til að þessar heimildir til að slíta kjörfundi verði afnumdar og að auglýst skuli hvenær kjörfundur hefst og hvenær honum lýkur og síðan kjörstaður hafður opinn allan þann tíma.

**Um 97. gr. 1. mgr.:** Hér virðist vera að sama kjörstjórnin eigi að ganga frá kjörgögnum og hefja talningu atkvæða. Sem hins vegar er í andstöðu við önnur ákvæði laganna, sem bera með sér að þegar fleiri en ein kjörstjórn er í sveitarfélagi, þá sjái undir- og hverfiskjörstjórnir um fráganginn en síðan yfirkjörstjórn um talninguna.

**Um 124. gr. 3. mgr.:** Málsgreinin er óskiljanleg. Hér er talað um að annar aðili eigi að taka við hlutverki undirkjörstjórna við ákvarðanir skv. 1.-2. mgr. en hins vegar virðast 1. og 2. mgr. ekki ætla undirkjörstjórnnum neitt hlutverk.

Einnig er hér talað um „*kjörstjórn sem kosin er skv. 2. mgr. 16. gr.*“. Í því ákvæði er fjallað um kosningu á bæði undirkjörstjórnnum og hverfiskjörstjórnnum. Lagt er til að sú notað sé heiti viðkomandi kjörstjórnar en ekki tilvísun til 2. mgr. 16. gr.

**Um. 141. gr. 2. mgr.:** Í frumvarpinu segir: „*Kjörstjórnarmaður, utankjörfundarstjóri eða aðstoðarmaður kjósenda skal ekki segja frá því hvernig kjósendi sem hann hefur aðstoðað hefur greitt atkvæði*“.

Hér eru lagðar til tvær orðalagsbreytingar, að nota orðið „*kjörstjóri*“ frekar en „*utankjörfundarstjóri*“ og nota „*má*“ í stað „*skal*“.

Ákvæðið yrði þá svona: „*Kjörstjórnarmaður, kjörstjóri eða aðstoðarmaður kjósenda má ekki segja frá því hvernig kjósendi sem hann hefur aðstoðað hefur greitt atkvæði*“

Þannig samþykkt í yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar,  
Gísli M. Auðbergsson,  
Kristjana Mekkín Guðnadóttir  
Agnar Bóasson

Staðfest útprentun:

*Gísli M. Auðbergsson*